

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að fé hans verði varið til þess að koma upp bókasafni við væntanlegt hvíldarheimili fyrir aldraða sjómenn. Má strax og hvíldarheimilið er komið á stofn, verja allt að $\frac{4}{5}$ af því, er sjóðurinn þá kann að eiga, til bóka-kaupa í þessu skyni. Síðan má árlega verja tekjum sjóðsins til bókasafnsins, þó svo, að helmingur vaxta leggist jafnan við höfuðstól, þar til að hann er orðinn 50 þús. kr.

3. gr.

Sjóðnum skal aflað tekna eftir því, sem við verður komið og stjórn sjóðsins telur heppilegast, meðal annars með því að gefa út rit skáldsins og er heimilt að lána fé úr sjóðnum í því skyni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera sú sama og stjórn hvíldarheimilisins og hefur hún að öðru leyti en því, er skipulagsskráin greinir, óbundnar hendur um stjórn og meðferð sjóðsins. Halda skal gerðabók um allar styrkveitingar og aðra meðferð sjóðsins.

Fyrir sjóðinn skal gera árleg reikningsskil, sem endurskoðast af endurskoðendum hvíldarheimilisins og skulu reikningar síðan birtir opinberlega.

5. gr.

Fé sjóðsins skal geymt í sparissjóðsbók í Landsbankanum eða í rikisskuldabréfum, eftir því sem við verður komið.

6. gr.

Verði af einhverjum ástæðum ekki hægt eða þurfi ekki með þeirra ráðstafana, sem er tilgangur sjóðsins, skal honum varið samkvæmt tillögum stjórnar Sjómannafélags Reykjavíkur, til hagsbóta fyrir íslenzka sjómannastétt.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

GJALDSKRÁ

um greiðslu fyrir aukaverk sóknarpresta.

1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

a. Fyrir skráningu nafns barna í ministerialbók (skírn)	kr. 5.00
b. — fermingu ásamt undirbúningi	— 20.00
c. — hjónavígslu	— 15.00
d. — greftrun (líksöngseyrir)	— 10.00
e. — endurskoðun kirkjureiknings	— 2.00
f. — vottorð, sem prestur gefur í embættisnafni	— 1.00

Á upphæðir þessar skal greiða verðlagsupphót samkvæmt vísitölu framfærslu-kostnaðar.

55

22. jan.

56

30. marz

56 Þó skulu vottorð, er prestur gefur vegna meðlagsgreiðslu barna, fjárhagsvottorð
30. marz fátækra manna, svo og vottorð samkvæmt beiðni sveitarstjórna eða annarra stjórnar-
valda, veitt ókeypis.

3. gr.

Nú flytur prestur ræðu við jarðarför eða hjónavígslu, og ber honum þá sér-
stök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkamt hefur.

4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

5. gr.

Skyllt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, er hans er vitjað til
aukaverka, og greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

6. gr.

Um fararþeina handa presti, er á yfir sjó að sækja til aukaverka, svo og þegar
hans er vitjað til sjúkra, fer eftir tilskipun frá 27. janúar 1847.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 36 frá 1931, og gildir frá
1. apríl 1946 til 31. des. 1955, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að
máli.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 30. marz 1946.

Emil Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

57

12. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík, nr. 59 30. maí 1921.

1. gr.

Öll hafnargjöld samkvæmt reglugerð nr. 59 30. maí 1921, um hafnargjöld í
Reykjavík, skulu hækka um 100%, nema hafnsögugjöld, þau skulu hækka um 200%.

2. gr.

Í stað orðanna „10 aura“ í 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar komi: eina krónu.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, stað-
festist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 169 13. ágúst 1943.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.